

Fyrirspurn E 5/2026
Fyrirspyrjandi Formennska Norðurlandaráðs
Viðtakandi Ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum

E 5/2026 Skrifleg fyrirspurn um eftirfylgni stefnu Norðurlandaráðs um samfélagsöryggi

Til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

Stefna Norðurlandaráðs um samfélagsöryggi var samþykkt árið 2019 í því skyni að styrkja viðnámsþrótt og neyðarviðbrögð Norðurlanda með því að efla samstarf um sameiginlegar ógnir. Tilefnið fyrir stefnunni var að norrænu löndin stóðu andspænis fjölda sameiginlegra úrlausnarefna á sviði samfélagsöryggis. Um var að ræða netárásir, hryðjuverkaárásir, öfgaveður og náttúruhamfarir, farsóttir, erfiðleika við orkuöflun og ýmsa aðra óvænta atburði. Þetta eru ógnir sem geta komið niður á einu norrænu landi en haft áhrif á nágrannalöndin. Enn í dag standa stjórnsýsluhindranir í vegi fyrir skilvirku samstarfi landanna.

Í stefnunni var tilmælum beint til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum um að efla samstarfið og kanna leiðir til að skiptast á dæmum um málefni sem tengjast samfélagsöryggi og viðnámsþrótti.

Í janúar 2020 var ríkisstjórnnum norrænu landanna send tilmæli (A 1830/PRE) þar sem Norðurlandaráð mæltist til þess að þær ásamt Norrænu ráðherranefndinni ynnu eftir stefnumótuninni og svöruðu hvernig tilmælum hennar yrði mætt.

Síðan núverandi stefna var samþykkt 2019 hafa orðið verulegar breytingar á vettvangi öryggismála sem beina sjónum að samfélagsöryggi á Norðurlöndum í dag. Stríð í nágrenni okkar, farsóttir, náttúruhormungar og bakslag í lýðræðisþróuninni eru dæmi um þetta.

Formennskuáætlun Finnlands og Álandseyja í Norðurlandaráði árið 2026 leggur áherslu á almennt öryggi á Norðurlöndum og beinir sjónum meðal annars að viðnámsþrótti, almannavörnum og hernaðarviðbúnaði á Norðurlöndum og auknu samstarfi um utanríkis-, öryggis- og varnarmál.

Á þessu ári, 2026, hefur forsætisnefnd Norðurlandaráðs þess vegna ákveðið að ráðast í uppfærslu á stefnunni um samfélagsöryggi frá 2019. Forsætisnefndin og fagnefndir



Norðurlandaráðs hafa þegar hafist handa og búast við að geta kynnt endurnýjaða stefnu um samfélagsöryggi á Norðurlandaráðsþinginu í Helsingfors 2026.

Forsætisnefndin beinir þess vegna eftirfarandi fyrirspurn til norrænu ráðherranna:

- Hvernig hafa ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum og Norræna ráðherranefndin fylgt eftir stefnu Norðurlandaráðs um samfélagsöryggi á tilteknum undirsviðum hennar frá árinu 2020 að telja, það er að segja varðandi ákveðin tilmæli í stefnunni?
- Hvernig hefur samstarf norrænu landanna á sviði öryggis- og viðbúnaðarmála breyst frá árinu 2020, með tilliti til þeirra umtalsverðu samfélagsbreytinga sem orðið hafa síðan stefnan var samþykkt?
- Hvernig tryggja ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum óbilandi samstarf um öryggis- og viðbúnaðarmál gagnvart væntanlegum ógnum?

Norðurlöndum, 4. mars 2026

*Ville Väyrynen (saml),
forseti Norðurlandaráðs*

*Kim Berg (sd),
varaforseti Norðurlandaráðs*